



Borgarráð

Hljómskálagarður

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir í Hljómskálagarði vegna endurbóta svæðis fyrir viðburði. Áætlað er að framkvæmdir hefjist haustið 2022 og ljúki vorið 2023.
Kostnaðaráætlun 2 er 130 m.kr.

Greinargerð:

Fyrirhugaðar framkvæmdir felast í því að styrkja og byggja upp það svæði sem notað er fyrir viðburði í garðinum s.s. menningarnótt o.fl.
Skipt verður um jarðveg og lagðar drenlagnir undir grassvæði. Útbúið verður svæði fyrir svið, komið fyrir lýsingu og akstursleiðir þjónustubíla inn á svæðið verða lagfærðar og styrktar.

Hljómskálagarðurinn hentar mjög vel til viðburðarhalds vegna staðsetningar og skjólsældar. Þá eru þar fyrir innviðir eins og leiktæki, vaðlaug og rafmagnstengingar. Svæðið mun áfram henta til dvalar og leikja og verður áfram fyrst og fremst almenningsgarður þrátt fyrir undirbyggingu fyrir viðburði.

Tillagan var kynnt í umhverfis- og heilbrigðisráði 20. apríl sl. og í íbúaráði Miðborgar og Hlíða 22. mars sl.

Kostnaðarstaður: 3108

Kostnaðaráætlun 2: 130 m.kr.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:
Kynning



Hljómskálagarðurur

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ





Lýsing á framkvæmd

VIÐBURÐASVÆÐI

- Í garðinum verður útbúin álagspólin viðburðarflöt.
- Skipt verður um jarðveg á svæðinu og lagðar drenlagnir undir grassvæði.
- Við grasflötina verður gert nokkuð stórt upphækkað og undirbyggt svæði fyrir svið.
- Akstursleið fyrir þjónustubíla inn á svæðið verður styrkt.
- Gróður verður grisjaður og beð stækkuð.
- Sett verður upp lýsing á svæðinu
- Aðstaða fyrir matarvagna verður á aðliggjandi svæði.
- Verkið er áfangaskipt






Yfirlitsmynd





Yfirlitsmynd



svæði fyrir uppákomur - svið

göngu-
stígur


viðburðarflöt

núverandi land



Kostnaður og verktími

- Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina er 130 mkr
- Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir í september 2022 og áætlað að þeim ljúki í júní 2023.





Hjáleiðir



- Framkvæmdasvæðið verður lokað af á meðan framkvæmdum stendur.
- Ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdin hafi teljandi áhrif á umferð um garðinn eða nágrenni hans. Leiðin af brúnni inn í garðinn verður lokað tímabundið en á meðan verður umferð beint um hjáleið.











Markmiðið og stefna

SKIPULAG GARÐSINS OG ÞRÓUN

Hljómskálagarður þarf og hefur þróast í takt við nýjar áherslur og þarfir á hverjum tíma. Garðurinn er ekki óbreytanlegt sögulegt minnismarki en við þróun hans er borin virðing fyrir sögunni og framþróun hans unnin í samhengi við uppbyggingu borgarinnar og þarfir gesta garðsins. Horft er til aðgengis fyrir alla.

Tjörnin er mikilvægur hluti garðsins með búsvæði fugla, lífríki og varpsvæði. Í garðinum er einnig fjölbreyttur gróður og gott stígakerfi sem tengir saman mismunandi svæði hans. Markmiðið er að garðurinn geti uppfyllt ólíkar þarfir gesta sem geti heimsótt garðinn hvort sem er til að njóta næðis, náttúru, hreyfingar eða viðburða.

Áfram verður unnið að nýju heildarskipulagi og stefnumörkun fyrir garðinn.

| | | | | |
|---|---|-----------------|--|-----------------------------------|
| 1 |  | Artsrígt | Opplýsing Opplýsing af lív í form af storri fjölbreytni af bæði dýr og plantur | Tegundaríkt og gróskumikið |
| 2 |  | Fredfylidit | Opplýsing Opplýsing af stílhæð, ró, uförstýrthæð, velhald og af at være eit með náturen. | Friðsælt |
| 3 |  | Ábent | Opplýsing Opplýsing af robusthæð og ábenhæð, der inviteer til mange forskelliger aktiviteter. | Opið |
| 4 |  | Folkeligt | Opplýsing Opplýsing af en festlig at- mosfære, hvor man møder andre mennesker og service findes tilgængelig i forskel- lige former. | Viðburðir og þjónusta |
| 5 |  | Rumligt | Opplýsing Opplýsing af at komme ind i en anden verden, som er rumlig, fri og giver indtryk af en sammenholdende helhed. | Sjónlínur |
| 6 |  | Trygt | Opplýsing Opplýsing af at være om- gærðet og trygt, hvor man tør lade børn lege frit og man selv kan slappe af og bare være sig selv. | Öruggt og leikvænt |
| 7 |  | Kultúrhistorisk | Opplýsing Opplýsing af kultúrhistorie, der fascinerer og giver fæle- sen af en svunden tíð. | Menning og saga |
| 8 |  | Víldt | Opplýsing Opplýsing af lívskraftig og frit vaxandi vegetation | Víllt |



Reykjavík